

**Nd. 412. Frumvarp til lánsfjárlaga [221. mál]**

fyrir árið 1983.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982—83.)

I KAFLI

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1983 að fjárhæð allt að 852 100 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að taka lán á innlendum lánsfjármarkaði að fjárhæð allt að 188 000 þús. kr.

2. gr.

Lánsfé samkvæmt 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga og ákvæði þessara laga.

3. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1983 að fjárhæð allt að 860 000 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til fjármögnunar á raforkuframkvæmdum.

4. gr.

Fyrirtækjum með eignaraðild ríkissjóðs er heimilt að taka lán á árinu 1983 samkvæmt síðari ákvörðun fjármálaráðherra um lántökuaðila að fjárhæð allt að 33 000 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

5. gr.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að taka lán á árinu 1983 að fjárhæð allt að 31 000 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til fjármögnunar á raforku- og hitaveituf framkvæmdum.

6. gr.

Heimild er til lántöku vegna hitaveituf framkvæmda og skuldbreytinga sem hér segir:

1. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, lán á árinu 1983 að fjárhæð 95 800 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Hitaveita Suðurnesja, lán á árinu 1983 að fjárhæð 145 100 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

7. gr.

Sveitarfélögum er heimilt að taka lán á árinu 1983 samkvæmt síðari ákvörðun fjármálaráðherra um lántökuaðila að fjárhæð allt að 20 000 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

8. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka erlent lán á árinu 1983 að fjárhæð 612 000 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

9. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða taka lán, er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum, sem tilgreindir eru í 3., 4., 5., 6. og 7. gr., með þeim kjörum og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður.

## II KAFLI

10. gr.

Prátt fyrir ákvæði 2. tl. 27. gr. laga nr. 97/1976 um Framkvæmdastofnun ríkisins skal framlag ríkissjóðs til Bygðasjóðs eigi fara fram úr 69 825 þús. kr. á árinu 1983. Að auki er Bygðasjóði ætluð lántaka að fjárhæð allt að 100 000 þús. kr.

11. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. og 3. tl. 4. gr. laga nr. 45/1971 um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. 1. gr. laga nr. 68/1973, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins eigi fara fram úr 22 828 þús. kr. á árinu 1983.

12. gr.

Prátt fyrir ákvæði C- og D-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976 um Fiskveiðasjóð Íslands og ákvæði laga nr. 2/1980 og laga nr. 84/1981 um breyting á lögum nr. 5/1976 um útflutningsgjald af sjávarafurðum skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs Íslands eigi fara fram úr 26 600 þús. kr. á árinu 1983.

13. gr.

Prátt fyrir ákvæði 2. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 80/1971 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, sbr. 5. gr. laga nr. 4/1980 og ákvæði laga nr. 2/1980 og laga nr. 84/1981 um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal framlag ríkissjóðs til Aflatryggingasjóðs eigi fara fram úr 15 515 þús. kr. á árinu 1983.

14. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 14/1965 um launaskatt, sbr. lög nr. 65/1977 og 2. og 3. tl. 9. gr. laga nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins, skal heildarframlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins eigi fara fram úr 141 514 þús. kr. á árinu 1983.

15. gr.

Prátt fyrir ákvæði b-liðar 37. gr. laga nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins skal framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna eigi fara fram úr 158 050 þús. kr. á árinu 1983.

16. gr.

Prátt fyrir ákvæði b-liðar 5. gr. laga nr. 35/1966 um Lánasjóð sveitarfélaga, sbr. lög nr. 99/1974, skal framlag ríkissjóðs til Lánasjóðs sveitarfélaga eigi fara fram úr 5 510 þús. kr. á árinu 1983.

17. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 30/1921 um erfðafjárskatt, sbr. 1. gr. laga nr. 50/1972, skulu tekjur Erfðafjár sjóðs af erfðafjárskatti eigi fara fram úr 16 185 þús. kr. á árinu 1983. Það sem umfram kann að innheimtast af erfðafjárskatti á árinu 1983 rennur í ríkissjóð.

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972 um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs eigi fara fram úr 8 522 þús. kr. á árinu 1983.

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 25. gr. 6. kafla laga nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta, sbr. 2. gr. laga nr. 59/1980, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs þroskaheftra eigi fara fram úr 39 960 þús. kr. á árinu 1983.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 20. gr. hafnalaga nr. 45/1973, sbr. 2. gr. laga nr. 83/1976, skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs eigi fara fram úr 10 353 þús. kr. á árinu 1983.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 58/1970 um skemmtanaskatt skal framlag ríkissjóðs til Félagsheimilasjóðs eigi fara fram úr 10 356 þús. kr. á árinu 1983.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði í 8. gr. og 25. gr. laga nr. 60/1976 um skipulag ferðamála skal ráðstöfunarfé til ferðamála af sérstöku gjaldi skv. 8. gr. laganna og framlagi úr ríkissjóði skv. 25. gr. laganna á árinu 1983 eigi fara fram úr 30% af skilafé Fríhafnarinnar til ríkissjóðs, að viðbættum 1439 þús. kr. til Ferðamálasjóðs. Kostnaður af starfsemi Ferðamálaráðs skal greiddur af þeim hluta skilafjár Fríhafnarinnar er fellur til ráðsins.

23. gr.

Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 5. gr. laga nr. 54/1980 um Iðnrekstrarsjóð skal framlag ríkissjóðs til Iðnrekstrarsjóðs eigi fara fram úr 16 564 þús. kr. á árinu 1983.

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 32. gr. vegalaga nr. 6/1977 skal framlag til þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum eigi fara fram úr 68 000 þús. kr. á árinu 1983.

### III KAFLI

25. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að taka lán erlendis í því skyni að greiða afborganir þessa árs af lánum ríkissjóðs og enn fremur að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána, þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum.

Landsvirkjun er heimilt að taka erlend lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán, þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Skal fjármálaráðherra og stjórn Landsvirkjunar hafa samráð við fjárveitinganefnd Alþingis áður en til lántöku kemur samkvæmt þessari grein.

Nýti fjármálaráðherra lántökuheimildir laga þessara að hluta til láns eða lána, sem

endurgreiða má fyrir gjalddaga (veltilán), er honum heimilt að nýta sömu heimild til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um veltilánið falli úr gildi, enda sé ekki dregið á lánssamninginn að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

26. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán vegna endurskoðaðrar lánsfjáráætlunar fyrir árið 1982 er nemi allt að 100 m. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

27. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt á árunum 1983—1985 að ábyrgjast lán með sjálfskuldarábyrgð, gegn þeim tryggingum sem hann metur gildar, til smíði á fiskiskipum innanlands, sem nemi allt að 80% smíðaverðs samkvæmt mati Ríkisábyrgðasjóðs. Skip þessi mega vera allt að 35 m löng og með vélarafi allt að 1000 hö. Heimild þessi nær til smíði fjögurra skipa í senn. Ábyrgð þessi miðast við að skip sé óselt við veitingu ríkisábyrgðar og ríkisábyrgðin falli niður við sölu skips frá skipasmíðastöð.

Þótt sala skips hafi farið fram er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð erlend vörukaupalán sem tekin hafa verið fyrir milligöngu innlendra banka til smíði skipa þeirra sem getur í 1. mgr. Þegar lokið er smíði skipanna mega slík lán nema allt að 20% af endanlegu matsverði þeirra fullbúinna. Til tryggingar sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs komi 2. veðréttur í skipunum og má samanlögð fjárhæð vörukaupalánanna og annarra lána, sem á undan eru í veðröð, nema allt að 80% af matsverði skipanna fullbúinna. Fjármálaráðherra ákveður nánari framkvæmd þessa ákvæðis með reglugerð.

28. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið felur í sér lántökuheimild fyrir ríkissjóð á árinu 1983 auk heimildar Framkvæmdasjóðs Íslands, fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs og sveitarfélaga. Í frumvarpinu eru breytingar á lögum um fjárfestingarsjóði og ákvæði um hámarksframlög til nokkurra verkefna í samræmi við markaða stefnu í fjárlögum fyrir árið 1983. Þá er leitað heimildar til viðbótarlántöku vegna ársins 1982. Í greinargerð og fylgiskjölum er yfirlit um helstu þætti lánsfjáröflunar og ráðstöfunar lánsfjár fyrir árið 1983.

Fjármunamyndun í landinu er nú þrengri stakkur skorinn en oft áður. Að mati Þjóðhagsstofnunar gæti fjármunamyndun 1983 numið um 25—26% af vergri þjóðarframleiðslu, en það er svipaður hundraðshluti og 1982. Hins ber að gæta, að allar hundraðshlutatölur sem ganga út frá spám um þjóðarframleiðslu og útflutningstekjur 1983 verða hærri vegna samdráttarins en ella væri. Gleggsta dæmið um áhrif sveiflna í þjóðhagsstærðum eru hundraðshlutatölur um skuldabyrði og greiðslubyrði þjóðarbúsins út á við.

Samkvæmt þessu frumvarpi til lánsfjárlaga er gert ráð fyrir að heildarfjárhæð erlends lánsfjár nemi 3 388,6 m. kr., sbr. fylgiskjal 7. Í lánsfjárlögum fyrir árið 1982 var hliðstæð tala 2 255,7 m. kr. og er hækkunin milli ára 50,2%.

Erlendar lántökur miðast við að skuldir aukist ekki að raungildi á árinu 1983. Föst erlend lán voru á meðalgengi 13 630 m. kr. á árinu 1982 og sé gert ráð fyrir 6% verðbólgu í viðskiptalöndum okkar væri samsvarandi upphæð 14 448 m. kr. Í forsendum Seðlabankans er gert ráð fyrir 39,3% hækkun meðalgengis milli áranna 1982 og 1983 miðað við reikniforsendur fjárlaga um 42% verðbreytingu. Fyrrgreindar fjárhæðir, færðar til meðal-

gengis 1983, nema því 20 126 m. kr. Ef lántökum er hagað á þann veg að erlendar lántökur yrðu innan þessa ramma verða þær að raungildi þær sömu og árið áður. Þetta hámark felur því í sér að erlendar lántökur fari ekki yfir 3 439 m. kr. miðað við 6% verðbólgu að meðaltali í viðskiptalöndum okkar. Eins og áður segir er að því stefnt með þessu frumvarpi að erlendar lántökur verði innan þessara marka eða um 3 390 m. kr.

Lántökur opinberra aðila, ríkis, fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs og sveitarfélaga, nema nú 2 987,6 m. kr. Innlend fjáröflun er áætluð 821 m. kr. og erlendar lántökur opinberra aðila verða því 2 166,6 m. kr. Samsvarandi fjárhæð erlendra lána var í lánsfjárlögum fyrir árið 1982 1 420,5 m. kr.

Miðað er við að erlendar lántökur atvinnufyrirtækja fari ekki yfir 590 m. kr. á árinu 1983 en í lánsfjárlögum fyrir árið 1982 var samsvarandi tala 535 m. kr. Óhjákvæmilegt er að beitt verði ströngu aðhaldi varðandi erlendar lántökur atvinnufyrirtækja og banka.

Það er áhyggjuefni á tímum mikils lánsfjárskorts innanlands að kaup lífeyrissjóðanna á verðtryggðum skuldabréfum hafa beinst í aðra farvegi en lánsfjárlög miðast við. Sérstaklega hefur fjárskortur húsbýggingasjóðanna gert húsbýggjendum erfitt fyrir. Í fylgiskjölum 5 og 6 eru yfirlit um fjármögnun og ráðstöfun á fjármagni Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna.

Á undanförunum árum hafa viðskiptabankarnir lánað Framkvæmdasjóði fé er hefur numið 4% af innlánsaukningu þeirra. Jafnframt hafa viðskiptabankarnir keypt skuldabréf ríkissjóðs fyrir allt að 3% innlánsaukningarinnar. Á s. 1. ári var leitað eftir því við sparisjóði landsins að þeir veittu ríkissjóði framkvæmdalán með svipuðum hætti og viðskiptabankarnir.

Viðskipti ríkissjóðs og Framkvæmdasjóðs við innlánsstofnanirnar hafa eftir atvikum gengið vel á undanförunum árum, og verður að vænta þess að svo verði áfram.

Í fylgiskjali 8 er sýnt að horfur eru á að fjárfestingar atvinnuveganna dragist saman um 7,6% frá árinu 1982. Svipuðu máli gegnir um byggingar og mannvirki hins opinbera, þar er spáð 9,1% samdrætti. Íbúðabyggingar hafa aftur á móti ekki dregist saman frá því sem var á árinu 1981 og horfur eru á að íbúðabyggingar geti orðið í raun áþekkar því sem var 1982. Hér veldur fyrst og fremst átak í byggingu íbúða á félagslegum grundvelli og aukin framlög ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins.

Fylgiskjal 9 sýnir alla megindrætti viðskipta þjóðarbúsins út á við. Seðlabankinn hefur jafnframt unnið yfirlit um nettóskuldastöðu þjóðarbúsins og greiðslubyrði þar sem sveiflur milli ára í þjóðarframleiðslu og útflutningstekjum (-framleiðslu) hafa verið jafnaðar út. Áhrif óstöðugs efnahags landsmanna, mælt á kvarða skuldsetningar og greiðslubyrði, kemur fram með tvennum hætti á fylgiskjali 10.

Gildi þessara útreikninga felst í því að þegar lán til langs tíma eru tekin til framkvæmda er rétt að ákvörðun um lántöku taki fremur mið af langtímahorfum en erfiðum aðstæðum á tilteknum tíma, eins og nú ríkja. Staða þjóðarbúsins vegna skulda og greiðslubyrðarinnar veldur því m. a. að nauðsynlegt er að fjárfestingu 1983 verði stillt í hóf.

#### Um 1. og 2. gr.

Í fylgiskjali 1 er sýnd skipting lánsfjáröflunar og ráðstöfunar opinberra aðila. Áformað er að afla innlends lánsfjár til opinberra framkvæmda eftir því sem frekast er kostur. Á undanförunum árum hefur eingöngu verið aflað innlendra lána til A-hluta ríkissjóðs og til ýmissa verkefna í B-hluta ríkissjóðs. Fyrirhuguð innlend fjáröflun 1983 nemur alls 821 m. kr. Útgáfa spariskírteina nemur alls 200 m. kr. og innheimta umfram innlausn eldri spariskírteina er talin gefa af sér 360 m. kr. Auk þess nema afborganir af skuldabréfum sem út voru gefin í tengslum við yfirtöku Landsvirkjunar á byggðalínum o. fl. 73. m. kr. Eins og á liðnum árum verður leitað til lífeyrissjóða og bankakerfisins um kaup á verðtryggðum verðbréfum. Alls er stefnt að fjáröflun hjá lífeyrissjóðum að fjárhæð 860 m. kr., þ. a. koma

85 m. kr. í hlut ríkissjóðs, en fjallað er um skuldabréfakaup lífeyrissjóða í umfjöllun um 27. gr. Á árinu 1982 var með samningum leitað til innlánsstofnana um kaup á skuldabréfum. Alls keyptu innlánsstofnanir fyrir 70 m. kr. það ár. Nú er ráðgert að leita aftur til sömu aðila og er stefnt að 103 m. kr. fjáröflun með þessum hætti.

Í fjárlögum fyrir árið 1983 var leitað heimildar til spariskírteinaútgáfu alls að fjárhæð 200 m. kr. Hér er því leitað heimildar til innlendirar lántöku alls að fjárhæð 188 m. kr. sem er fjáröflun hjá lífeyrissjóðum og bankakerfi.

Erlend lántaka A- og B-hluta ríkissjóðs nemur alls 901,7 m. kr. Í 1. gr. frumvarpsins er þó aðeins leitað heimilda til lántöku að fjárhæð 852,1 m. kr. en í lögum nr. 32/1981 um lagningu sjálfvirks síma í sveitum er heimild veitt til lántöku að fjárhæð 49,6 m. kr.

#### Um 3. gr.

Greinin fjallar um málefni Landsvirkjunar. Á árinu 1983 er gert ráð fyrir áframhaldandi framkvæmdum fyrirtækisins á Þjórsársvæðinu. Áætlað er að á árinu 1983 verði ráðstafað 500 m. kr. til að standa straum af þessum framkvæmdum ásamt fjármagnskostnaði og nokkrum smærri verkefnum fyrirtækisins.

Á árinu 1982 var gerður samningur milli ríkisstjórnarinnar og Landsvirkjunar m. a. um virkjunarframkvæmdir við Blöndu. Til þessa verkefnis er ráðgert að verja alls 200 m. kr. til byrjunarframkvæmda. Í þriðja lagi er ráðgert að verja alls 160 m. kr. til byggðalínuframkvæmda við Suðurlínu, en á árinu 1982 yfirtók Landsvirkjun rekstur og uppbyggingu byggðalínukerfisins.

#### Um 4. gr.

Samkvæmt þessari grein er aflað heimildar til 33 m. kr. lántöku til fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs. Ráðgert er að fjármagninu verði varið þannig að 5 m. kr. fari til framkvæmda við grænifóðurverksmiðjur, 3 m. kr. til Kísiliðjunnar og 25 m. kr. til ýmissa verkefna.

#### Um 5. gr.

Alls nemur lántaka til Orkubús Vestfjarða 31 m. kr. Fjármagninu er fyrirhugað að verja til ýmissa raforkuframkvæmda og framkvæmda við fjarvarmaveitur.

#### Um 6. gr.

Erlend lánsfjáröflun til hitaveitna nemur alls 240,9 m. kr. og skiptist þannig að til Hitaveitu Suðurnesja renna 145,1 m. kr. og Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar 95,8 m. kr. Lánsfénu verður ráðstafað bæði til framlengingar lána og til framkvæmda, sbr. fylgiskjal 2.

#### Um 7. gr.

Parfnast ekki skýringar.

#### Um 8. gr.

Erlend lántaka Framkvæmdasjóðs Íslands nemur alls 612 m. kr. á árinu 1983. Alls er gert ráð fyrir að ráðstöfunarfé sjóðsins verði 992 m. kr. eins og fram kemur í fylgiskjali 3. Fjáröflun til sjóðsins byggist m. a. á því að 230 m. kr. af verðbréfakaupum lífeyrissjóða komi í hlut Framkvæmdasjóðs.

Í fylgiskjali 4 er sýnd skipting á verðbréfakaupum lífeyrissjóða. Þá er stefnt að því að hluti af innlánsaukningu innlánsstofnana renni til verðbréfakaupa af sjóðnum. Alls er talið að þessi fjáröflun nemi um 100 m. kr. Útstreymi sjóðsins til atvinnuvegasjóða og annarra verkefna skýrist í fylgiskjali 3.

Um 9. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um 10.—24. gr.

Í samræmi við markaða stefnu fjárlaga fyrir árið 1983, um skerðingu lögboðinna framlaga, er nauðsynlegt að tilteknum lögum verði breytt.

Um 25. gr.

Vegna ástands á erlendum fjármagnsmörkuðum hefur yfirleitt ekki verið völ á erlendum lánnum til nægilega langs tíma miðað við eðlilegan afskriftartíma þeirra framkvæmda sem með þeim hafa verið fjármagnaðar. Óhagstæð erlend lán hafa m. a. leitt til þess að endurlán innlendra lánastofnana hafa verið til þess að gera til skamms tíma. Veldur þetta örum afborgunum og þungri greiðslubyrði á næstu árum. Sérstaklega hefur þetta komið illa niður á ýmsum orkufyrirtækjum með langan afskriftartíma. Rétt þykir að fjármálaráðherra geti í samráði við fjárveitinganefnd tekið lán til greiðslu annarra lána sé slíkt talið heppilegt. Sams konar heimild er veitt stjórn Landsvirkjunar til breytingar lána.

Um 26. gr.

Í skýrslu um afkomu ríkissjóðs 1982, sem lögð hefur verið fram á Alþingi, kemur fram að lánsfjárförf A- og B-hluta ríkissjóðs reyndist nokkru meiri en að var stefnt í lánsfjárlögum 1982. Helstu þættir sem fóru fram úr áætlun eru þessir: Lánasjóður ísl. námsmanna 15,1 m. kr., framkvæmdir við byggðalínur 11,4 m. kr., almennar framkvæmdir Rafmagnsveitna ríkisins 10,0 m. kr. og Skipaútgærð ríkisins 5,0 m. kr.

Þá reynist nauðsynlegt að afla 25,0 m. kr. viðbótarlánsfjár vegna fjármagnskostnaðar við byggðalínur og 15,0 m. kr. vegna fjármagnskostnaðar við Kröfluvirkjun. Loks er að nefna að leitað er heimildar til 13,0 m. kr. viðbótarlánsfjár til handa Orkubúi Vestfjarða.

Í 6. gr. fjárlaga var leitað heimilda til 200 m. kr. viðbótarlántöku vegna lánsfjáraætlunar 1982. Sú áætlun var reist á viðbótarlánsfjárförf til ofangreindra verkefna en einnig því að ótryggt var talið að takast mundi að afla áformaðs innlends lánsfjár auk þess sem nokkur óvissa var um afkomu ríkissjóðs 1982. Ekki er talin ástæða til að leita lántökuheimildar umfram það sem fram kemur í þessari grein.

Um 27. gr.

Í 34. gr. laga nr. 13/1982, lánsfjárlaga fyrir árið 1982, er fjármálaráðherra heimilað, fyrir hönd ríkissjóðs, að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán til smíði fiskiskipa innanlands. Lán þessi geta numið allt að 80% af smíðaverði skipanna samkvæmt mati Ríkisábyrgðasjóðs. Skilyrði ábyrgðar er m. a., að skip sé smíðað fyrir reikning skipasmíðastöðvarinnar enda falli ábyrgð niður við sölu skips frá skipasmíðastöð.

Til að fjármagna smíði skipanna eru tekin afurðalán hjá Seðlabanka og að auki vörukaupalán erlendis, hvort tveggja fyrir milligöngu viðskiptabanka skipasmíðastöðvanna. Ríkissjóður ábyrgist þessi lán síðan á smíðatíma skipanna. Við sölu frá skipasmíðastöð lánar Fiskveiðasjóður samkvæmt núgildandi reglum allt að 60% matsverðs skipanna. Til þess að hægt sé að nýta hagkvæm erlend vörukaupalán lengur en þar til skip er selt þykir nauðsynlegt að ríkissjóður hafi heimild til að ábyrgjast með sjálfsskuldarábyrgð slík lán áfram. Er gert ráð fyrir að heimilt sé að ábyrgjast vörukaupalán er numið geta allt að 20% endanlegs matsverðs skipanna. Samanlögð fjárhæð vörukaupalánsins og láns sem á undan eru í veðröð má þá ekki nema meiru en 80% af matsverði skipanna fullbúinna. Gert er ráð fyrir að trygging ríkissjóðs vegna sjálfsskuldarábyrgðarinnar verði 2. veðréttur í viðkomandi skipi.

## Fylgiskjal 1

### Lánsfjárförð opinberra aðila samkvæmt lánsfjáráætlun 1983 Í milljónum króna

	Lánsfjáráætlun 1983
<b>1. Ríkissjóður</b> .....	<b>1 722,7</b>
<b>1.1 A-hluti</b> .....	<b>525,0</b>
Þjóðarboðkhláða .....	10,0
Vegagerð .....	249,0
Landshafnir .....	5,5
Hlutfjár- og eiginfjárframlög .....	105,0
Aðstoð við Flugleiðir hf. ....	34,4
Styrking dreifikerfis í sveitum .....	27,0
Hafnargerð vegna skipaiðnaðar .....	20,4
Jarðhitaleit .....	4,0
Sveitarafvæðing og einkarafstöðvar .....	4,5
RARIK, fjármagnskostnaður .....	12,2
Annað .....	53,0
<b>1.2 B-hluti</b> .....	<b>1 197,7</b>
Byggðasjóður .....	100,0
Landakaup kaupstaða og kauptúna .....	1,0
Byggingarsjóður rannsóknastofnana atvinnuveganna .....	10,0
Jarðasjóður .....	5,0
Lánasjóður ísl. námsmanna .....	138,0
Lagmetisiðjan Siglósfíld .....	4,0
Skipaútgærd ríkisins .....	9,8
RARIK, almennar framkvæmdir .....	138,6
Kröfluvirkjun, framkvæmdir .....	60,0
„ fjármagnsútgjöld .....	219,4
Virkjunarrannsóknir, framkvæmdir .....	25,0
„ fjármagnsútgjöld .....	21,8
Orkusjóður, byggðalínur, fjármagnsútgjöld .....	224,5
„ hitaveitulán .....	7,5
„ jarðhitaleit .....	10,0
„ sveitarafvæðing .....	13,0
Iðnaðarrannsóknir .....	3,0
Síldarverksmiðjur ríkisins .....	36,0
Sementsverksmiðjan .....	28,0
Landssmiðjan .....	12,0
Áburðarverksmiðjan .....	43,4
Póstur og sími, vörukaupalán o. fl. ....	4,9
„ lagning sjálfvirks síma .....	49,6
Fljótsdalsvirkjun, fjármagnsútgjöld .....	26,4
Flugmálastjórn .....	6,8



## Fylgiskjal 1, frh.

<b>2. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs</b> .....	<b>1 004,0</b>
Landsvirkjun .....	500,0
,, byggðalínur .....	160,0
,, Blönduvirkjun .....	200,0
Orkubú Vestfjarða, raforkuframkvæmdir .....	26,0
,, hitaveituf framkvæmdir .....	5,0
Steinullarverksmiðja, sjóefnavinnsla, stálfélag .....	80,0 <sup>1)</sup>
Kísilmálmvinnsla .....	2 <sup>2)</sup>
Kísiliðjan .....	3,0
Grænifóðurverksmiðjur .....	5,0
Annað .....	25,0
<b>3. Sveitarfélög</b> .....	<b>260,9</b>
Hitaveita Suðurnesja .....	145,1
Hitaveita Borgarfjarðar og Akraness .....	95,8
Ýmislegt .....	20,0
<b>4. Ráðstöfun (1+2+3) = Fjáröflun (5+6)</b> .....	<b>2 987,6</b>
<b>5. Innlend fjáröflun</b> .....	<b>821,0</b>
Útgáfa spariskírteina .....	200,0
Innheimt umfram innlausn af endurlánuðu spariskírteinafé .....	360,0
Verðbréfakaup bankakerfis og Viðlagatryggingar .....	103,0
Verðbréfakaup lífeyrissjóða .....	85,0
Önnur fjáröflun .....	73,0
<b>6. Erlend lán</b> .....	<b>2 166,6</b>

1) Heimild er til lántöku samkvæmt sérlögum, þ. e. lög nr. 61/1981 um steinullarverksmiðju, lög nr. 62/1981 um sjóefnavinnslu á Reykjanesi og lög nr. 59/1981 um stálbræðslu.

2) Lántökuheimild er í lögum nr. 70/1982 um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, en notkun heimildar er háð sérstöku samþykki Alþingis. Flutt verður sérstök þingsályktunartillaga um þetta mál, en iðnaðarráðherra hefur lagt til að varið verði 110 m. kr. til framkvæmda við kísilmálmverksmiðju á árinu 1983.

## Fylgiskjal 2

### Framkvæmdir og skuldbreytingar hitaveitna 1983 Í milljónum króna

	Framkvæmdir 1983	Til framleng- ingar lána 1983	Úr rekstri 1983	Lánasjóður sveitarfél.	Orkusjóður	Erlent lánsfé
<b>I Stærri hitaveitur</b> .....	<b>241,9</b>	<b>207,3</b>	<b>208,3</b>	—	—	<b>240,9</b>
Hitaveita Reykjavíkur .....	208,3	—	208,3	—	—	—
Hitaveita Suðurnesja .....	24,5	120,6	—	—	—	145,1
Hitaveita Akraness og Borg- arfjarðar .....	9,1	86,7	—	—	—	95,8
<b>II Smærri hitaveitur</b> .....	<b>30,8</b>	<b>35,3</b>	<b>9,5</b>	<b>49,1</b>	<b>7,5</b>	—
Hitaveita Vestmannaeyja ..	4,0	24,2	—	28,2	—	—
Hitaveita Egilsstaða .....	2,6	—	—	2,6	—	—
Hitaveita Rangæinga .....	3,5	11,1	0,6	14,0	—	—
Hitaveita Kjalarness .....	5,7	—	1,4	4,3	—	—
Aðrar hitaveitur .....	15,0	—	7,5	—	7,5	—
Samtals I-II	272,7	242,6	217,8	49,1	7,5	240,9
<b>III Fjarvarmaveitur</b> .....	<b>5,3</b>	—	—	—	—	<b>5,3</b>
Orkubú Vestfjarða .....	5,3	—	—	—	—	5,3
<b>IV Til annarra verkefna</b> .....	<b>14,0</b>	—	<b>4,0</b>	—	—	<b>10,0</b>
Jarðhitaleit .....	14,0	—	4,0	—	—	10,0
Samtals I-IV	292,0	242,6	221,8	49,1	7,5	256,2

### Fylgiskjal 3

#### Áætlun um fjáröflun og lánveitingar Framkvæmdasjóðs Íslands árið 1983 Í milljónum króna

<b>Fjáröflun:</b>	
Eigið ráðstöfunarfé F.Í. ....	50,0
Lán frá innlendum bönkum ....	100,0
Lán frá lífeyrissjóðum ....	230,0
Erlend lán ....	612,0
Samtals	992,0
<b>Lánveitingar:</b>	
Stofnlánadeild landbúnaðarins ....	84,0
Fiskveiðasjóður v/greiðsluhalla ....	483,0
Fiskveiðasjóður v/útlána ....	180,0
Iðnlánasjóður ....	150,0
Lánasjóður sveitarfélaga ....	30,0
Ferðamálasjóður ....	15,0
Verslunarlánasjóður ....	12,0
Stofnlánadeild samvinnufélaga ....	12,0
Landflutningasjóður ....	4,0
Útflutningslánasjóður ....	2,0
Lán til bætts aðbúnaðar á vinnustöðum ....	10,0
Bein útlán Framkvæmdasjóðs ....	10,0
Samtals	992,0

### Fylgiskjal 4

#### Skuldabréfakaup lífeyrissjóða 1983 Í milljónum króna

Byggingarsjóður ríkisins ....	321,0
Byggingarsjóður verkamanna ....	158,0
Framkvæmdasjóður ....	230,0
Stofnlánadeild landbúnaðarins ....	10,0
Ríkissjóður ....	85,0
	804,0
Utan lánsfjáráætlunar ....	56,0
Samtals	860,0

## Fylgiskjal 5

### Byggingarsjóður ríkisins 1983 Í milljónum króna

---

<b>Innstreymi</b> .....	<b>865,0</b>
Ríkissjóður .....	141,5
Skyldusparnaður .....	42,0
Atvinnuleysistryggingasjóður .....	76,3
Lífeyrissjóðir, lántaka .....	321,0
Afborganir, vextir, verðbætur .....	275,0
Tekjur tæknideildar .....	9,2
<b>Útstreymi</b> .....	<b>865,0</b>
Rekstrarkostnaður .....	20,0
Afborganir, vextir, verðbætur .....	190,0
Annað .....	4,0
Lánveitingar 1983 .....	651,0
<b>Lánveitingar</b> .....	<b>651,0</b>
Nýbyggingar .....	323,0
Eldri íbúðir .....	210,0
Íbúðir/heimili aldraðra og dagvistarstofnanir .....	28,0
Viðbyggingar og endurbætur .....	37,0
Annað .....	53,0

---

## Fylgiskjal 6

### Byggingarsjóður verkamanna 1983 Í milljónum króna

---

<b>Innstreymi</b> .....	<b>374,0</b>
Ríkissjóður .....	158,0
Framlag sveitarfélaga .....	32,0
Framlag kaupenda eldri íbúða .....	15,0
Afborganir, vextir, verðbætur .....	11,0
Lífeyrissjóðir, lántaka .....	158,0
<b>Útstreymi</b> .....	<b>374,0</b>
Rekstrarkostnaður .....	7,2
Afborganir, vextir, verðbætur .....	14,8
Lánveitingar 1983 .....	352,0
<b>Lánveitingar</b> .....	<b>352,0</b>
Nýir verkamannabústaðir .....	241,0
Leiguíbúðir sveitarfélaga .....	33,0
Endursöluíbúðir .....	78,0

---

## Fylgiskjal 7

### Yfirlit um erlendar langtímalántökur 1983 Í milljónum króna

<b>A- og B-hluti ríkissjóðs</b>		<b>901,7</b>
<b>Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs</b>		<b>1004,0</b>
Landsvirkjun .....	500,0	
,, byggðalínur .....	160,0	
,, Blönduvirkjun .....	200,0	
Orkubú Vestfjarða .....	31,0	
Steinullarverksmiðja, sjóefnavinnsla, stálfélag .....	80,0 <sup>1)</sup>	
Grænfóðurverksmiðjur .....	5,0	
Kisliðjan .....	3,0	
Kisilmálmvinnsla .....	<sup>2)</sup>	
Annað .....	25,0	
<b>Sveitarfélög</b>		<b>260,9</b>
Hitaveitur .....	240,9	
Annað .....	20,0	
<b>Lánastofnanir</b>		<b>632,0</b>
Framkvæmdasjóður .....	612,0	
Iðnþróunarsjóður .....	20,0	
<b>Atvinnufyrirtæki</b>		<b>590,0</b>
Járnblendifélagið .....	60,0	
Skip .....	190,0	
Flugvélar .....	10,0	
Innlend skipasmíði (nýsmíði) .....	200,0	
Endurbætur (unnar innanlands) .....	30,0	
Vélar og tæki .....	70,0	
Ýmislegt .....	30,0	
	<b>Samtals</b>	<b>3 388,6</b>

- 1) Heimild er til lántöku samkvæmt sérlögum, þ. e. lög nr. 61/1981 um steinullarverksmiðju, lög nr. 62/1981 um sjóefnavinnslu á Reykjanesi og lög nr. 59/1981 um stálbræðslu.
- 2) Lántökuheimild er í lögum nr. 70/1982 um kisilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, en notkun heimildar er háð sérstöku samþykki Alþingis. Flutt verður sérstök þingsályktunartillaga um þetta mál, en iðnaðarráðherra hefur lagt til að varið verði 110 m. kr. til framkvæmda við kisilmálmverksmiðju á árinu 1983.

**Fylgiskjal 8**

**Fjármunamyndun 1981—1983**  
Í milljónum króna

	Verðlag hvers árs		Magnbreytingar frá fyrra ári, % <sup>1)</sup>		
			Bráðab.-		Spá 1983
	tölur 1981	Áætlun 1982	tölur 1981	Áætlun 1982	
<b>Fjármunamyndun alls</b> .....	<b>5 549</b>	<b>8 153</b>	<b>2,1</b>	<b>-6,3</b>	<b>-6,7</b>
Landsvirkjun, Kröfluvirkjun og stóriðja .....	698	672	5,3	-38,7	19,9 <sup>2)</sup>
Innflutningur skipa og flugvéla .....	334	399	-4,2	-24,9	1,5
Önnur fjármunamyndun .....	4 517	7 082	2,1	0,1	-9,6
<b>I Atvinnuvegir</b> .....	<b>2 352</b>	<b>3 424</b>	<b>5,7</b>	<b>-7,5</b>	<b>-7,6</b>
1. Landbúnaður .....	235	360	-1,3	-2,1	0,0
2. Fiskveiðar .....	376	518	18,0	-11,7	-12,5
3. Vinnsla sjávarafurða .....	215	353	2,1	5,1	-9,9
4. Stóriðja .....	175	42	-19,0	-84,6	71,4
5. Annar iðnaður (en 3. og 4. liður) .....	373	640	4,1	8,8	0,0
6. Flutningatæki .....	470	606	10,2	-18,9	-15,7
7. Verslunar-, skrifstofu-, gistihús o. fl. ....	268	419	14,2	0,0	-5,0
8. Ýmsar vélar og tæki .....	240	486	7,8	27,5	-15,0
<b>II Íbúðarhús</b> .....	<b>1 008</b>	<b>1 606</b>	<b>-105,</b>	<b>2,0</b>	<b>0,0</b>
<b>III Byggingar og mannvirki hins opinbera</b> .....	<b>2 189</b>	<b>3 123</b>	<b>4,9</b>	<b>-8,7</b>	<b>-9,1</b>
1. Rafvirkjanir og rafveitur .....	810	1 120	7,5	-11,5	-13,5
2. Hita- og vatnsveitur, .....	370	330	-8,2	-43,0	-13,3
þar af hitaveitur .....	(325)	(260)	-10,6	-48,9	-14,2
3. Samgöngumannvirki .....	639	1 073	5,7	7,4	-3,2
4. Byggingar hins opinbera .....	370	600	13,5	3,8	-9,2

1) Magnbreytingar 1981 eru miðaðar við fast verðlag ársins 1980, 1982 við verðlag ársins 1981 og 1983 við verðlag ársins 1982.

2) Framkvæmdir við byggðalínur og Blönduvirkjun eru taldar með framkvæmdum Landsvirkjunar frá og með árinu 1983.

## Fylgiskjal 9

### Staða þjóðarbúsins út á við 1970—1982 (meðalgengi hvers árs)

Í m. kr.	Löng erlend lán	Stutt vöru- kaupalán o. fl.	Ógreiddur útlutningur	Gjaldeyris- staða	Nettóstaða við útlönd	Verg þjóðar- framleiðsla	Staða í hlutfalli við VPF (%)		Greiðslu- byrði í % af útl- tekjum
							Löng erlend lán	Nettó- staða	
	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)
1970	-115,1	-17,2	7,6	32,6	-92,0	431,8	26,6	21,3	11,2
1971	-145,0	-19,0	7,0	47,8	-109,1	549,6	26,4	19,9	10,0
1972	-172,5	-20,1	10,6	55,3	-126,7	684,2	25,2	18,5	11,4
1973	-226,1	-34,2	21,8	67,0	-171,5	966,3	23,4	17,8	9,1
1974	-337,9	-49,8	25,7	16,2	-345,9	1 410,8	23,9	24,5	11,2
1975	-672,8	-66,4	42,6	-30,4	-727,1	1 928,2	34,9	37,7	14,2
1976	-898,5	-97,5	59,9	-3,9	-940,0	2 659,6	33,8	35,3	13,8
1977	-1 205,5	-146,1	89,2	56,7	-1 205,8	3 814,8	31,6	31,6	13,7
1978	-1 944,3	-237,5	160,4	173,2	-1 848,2	5 776,0	33,7	32,0	13,1
1979	-2 909,5	-435,9	246,2	396,0	-2 703,2	8 460,0	34,4	32,0	12,8
1980	-4 617,1	-768,9	395,0	759,0	-4 232,0	13 288,0	34,7	31,8	14,1
1981	-7 527,0	-1 065,0	627,0	1 517,0	-6 448,0	20 534,0	36,7	31,4	16,4
1982 <sup>1)</sup>	-14 700,0	-2 100,0	960,0	1 260,0	-14 580,0	31 000,0	47,4	47,0	24,5

1) Bráðabirgðatölur.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

## Fylgiskjal 10

### Skuldastaða og greiðslubyrði þjóðarbúsins

	Nettóskuldastaða í hlutfalli við VPF		Greiðslubyrði sem hlutfall af útlutningstekjum (-framleiðslu)	
	Frumtölur <sup>1)</sup>	Jafnaðartölur <sup>2)</sup>	Frumtölur <sup>1)</sup>	Jafnaðartölur <sup>2)</sup>
1970	21,3	16,6	11,2	11,9
1971	19,9	17,3	10,0	9,4
1972	18,5	17,3	11,4	11,3
1973	17,8	19,2	9,1	9,2
1974	24,5	30,1	11,2	10,6
1975	37,7	34,2	14,2	12,8
1976	35,3	35,3	13,8	13,3
1977	31,6	36,6	13,7	13,1
1978	32,0	34,0	13,1	14,6
1979	32,0	32,8	12,8	14,2
1980	31,8	32,9	14,1	14,7
1981	31,4	33,9	16,4	16,4
1982	47,0	42,5	24,5	20,9

1) Frumtölur fela í sér nafnvirði VPF, nettóskulda og útlutningstekna hvers árs.

2) Jafnaðartölur fela í sér að sveiflur milli ára í VPF og útlutningstekjum (-framleiðslu) hafa verið jafnaðar út.